

Sp.

69. Tillaga til þingsályktunar

[66. mál]

um dreifingu sjónvarps og útvarps.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson, Valgerður Sverrisdóttir,
Jón Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Jóhann Einvarðsson,
Guðmundur G. Þórarinnsson, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að á næstu þrem árum (1988, 1989 og 1990) verði nægjanlegt fjármagn tryggt svo að koma megi upp þeim búnaði sem þarf til þess að allar útsendingar Ríkisútvarpsins frá stöðvum þess í Reykjavík náist hvar sem er á landinu.

Greinargerð.

Sú staðreynd blasir við að enn hefur ekki tekist að dreifa hljóðvarps- og sjónvarpsendingum til allra landsmanna. Stendur víða svo á að fólk sem býr á ákveðnum svæðum fær ekki notið sjónvarps og nýtur mjög lélegra hlustunarskilyrða hljóðvarps. FM-kerfið hefur ekki komið að þeim notum sem til var ætlast og almenningur gerði sér miklar vonir um. Dreifikerfi sjónvarps er ekki síður áfátt þegar farið er að kanna það mál.

Flutningsmenn hafa upplýsingar um það frá Ríkissjónvarpinu sjálfu að um 80 sveitabærir á landinu séu sjónvarpslausir eða búi við mjög slæm móttökuskilyrði og fjöldi sveitabæja búi við léleg hljóðvarpsskilyrði, ekki síst hvað varðar rás 2. Um það eru mjög mörg dæmi að útvarpsnotendur heyri alls ekki sendingar hennar.

Þetta ástand er ekki viðunandi, enda í andstöðu við þá mörkuðu stefnu í útvarpsmálum að Ríkisútvarpið skuli vera útvarp allra landsmanna. Sú stefna hlýtur að gilda um allar aðalsendingar á vegum Ríkisútvarpsins, hvort heldur er hljóðvarpið með sínar tvær rásir eða sjónvarpið.

Ríkisútvarpið hefur miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu, enda standa allir landsmenn undir kostnaði við rekstur þess, beint eða óbeint. Ríkisútvarpið er samkvæmt tilgangi sínum sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar og aðalfréttamiðill sem ætlað er að ná til landsins alls. Því er ekki hægt að segja að Ríkisútvarpið standi fyllilega undir nafni meðan dreifikerfið er eins og raun ber vitni. Verður auk þess að telja þetta varhugaverða framkvæmd á þeirri meginstefnu Ríkisútvarpsins að vera útvarp allra landsmanna þegar samkeppni um útvarpsrekstur fer harðnandi í landinu. Í rauninni þarf Ríkisútvarpið að sinna landsbyggðinni því betur sem þessi samkeppni í útvarpsrekstri á sér fyrst og fremst stað í þéttbýli. Ríkisútvarpið verður að skera sig úr að þessu leyti miðað við aðrar útvarpsstöðvar, leggja áherslu á að senda út efni sem ætlað er öllum landsmönnum og vinna ötullega að uppbyggingu dreifikerfisins.

Ef til vill þykir einhverjum sá kostnaður, sem fullkomið dreifikerfi hljóðvarps og sjónvarps leiðir af sér, mikill. Þessi kostnaður er þekktur. Flutningsmenn hafa heimildir fyrir því að það muni kosta um 65 millj. kr. að bæta úr ágöllum dreifikerfisins. Með skipulegum áætlunum og viðeigandi áherslum við röð framkvæmda hjá Ríkisútvarpinu er ekki mikið vandamál að ná því takmarki sem þessi þingsályktunartillaga stefnir að.

Ríkisútvarpið mun minnst 60 ára afmælis síns eftir þrjú ár. Færi vel á því að stofnunin setti sér það mark að hafa lokið við dreifikerfið þegar 60 ára afmælið rennur upp árið 1990.

Alþingi og ríkisstjórn þurfa að láta þetta mál til sín taka, enda er það tilgangur þessarar þingsályktunartillögu að svo megi verða.